

## Skilablað – Borgartún 7A - endurinnrétting 1. hæðar og kjallara

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna verkefnisins Borgartún 7A – endurinnrétting 1. hæðar og kjallara.

### 1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá Ríkiseignum. Áætlað var að verkinu yrði lokið 16. september 2016.

Verkefnastjóri hjá FSR var Hreinn Sigurðsson.

### 2 Verklýsing

Um var að ræða endurinnréttingu á 1. hæð og kjallara í Borgartúni 7A, samtals um 860 fermetra. Niðurrífsvinna hafði að mestu farið fram, auk þess sem búið var að flota gólf. Því var að mestu um uppsetningu létttra veggja og lofta að ræða, lagningu gólfefna, málun nýrra flata sem og eldri flata, ásamt innréttingum. Verkið fól einnig í sér sögun opa og uppsetningu á nýjum stiga á milli hæða, auk vinnu við bæði núverandi og nýtt lofræsikerfi.

Vinna við raflagnir og pípulagnir var ekki með í útboðinu en verkið átti að fela í sér talsverða samvinnu verktaka með rafvirkja og pípara hússins.

Verkheiti verkefnisins var Borgartún 7A – endurinnrétting 1. hæðar og kjallara.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett 11. maí 2016 og verkefnið fékk verknúmerið 609 5017.

### 4 Framvinda

Verkefnið var boðið út en engin tilboð bárust. Verkaupi ákvað því að leita annarra leiða og lauk þar með aðkomu FSR að verkefninu.

### 5 Kostnaður verksins

Umsjónarkostnaður FSR við verkefnið var 614.603 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Ekkert varð úr verkefni.

### 7 Ákvörðun verkkaupa


Ekkert varð úr verkefni.

### 8 Verklok

Ekkert varð úr verkefni.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirritaður staðfestir hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðni Geir Jónsson, fjármálastjóri